



UMFERÐARSTOFA

Alþingi
Erindi nr. P 141/1334
komudagur 1.2.2013

31. janúar 2013
13010098 MJ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um ökutækjatryggingar. Þingskjal 548 - 439. mál.

Með tölvupósti, dags. 28. janúar sl., var Umferðarstofu gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem Umferðarstofa hefur bent á í fyrri umsögnum sínum um málið, þ.e. umsögn til nefndasviðs dags. 3. júní 2011 og 4. maí 2012, að því er best verður séð. Umferðarstofa vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

1. Í 2. gr. frumvarpsins segir að lögin gildi um um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja hér á landi. Þó er í 16. og 17. gr. fjallað um tjón sem verður í öðru ríki. Af því má ráða að lögin gildi einnig um notkun annars staðar en hér á landi. Mögulega væri heppilegra að breyta gildissviðinu og orða ákvæðið með þeim hætti að lögin giltu um „lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun skráningarskyldra ökutækja“. Þá er bent á að lögin gilda einnig um tímabundna notkun erlendra ökutækja hér á landi, sbr. 15. gr.
2. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins skal leggja á vantryggingagjald þegar vátrygging fellur úr gildi en ekki kemur fram í ákvæðinu né í greinargerð með frumvarpinu hver eigi að annast álagninguna. Eingöngu að ráðherra sé heimilt að fela „öðru stjórnvaldi álagningu og innheimtu vantryggingagjalds.“ Þá segir ekki hvernig upplýsingum um að vátrygging falli niður skuli komið til þess aðila sem annast mun álagninguna. Umferðarstofa vill taka það fram að stofnuninni berast upplýsingar um vátryggingastöðu ökutækja frá Alþjóðlegum bifreiðatryggingingum á Íslandi sf. (ABÍ). Því væri ákjósanlegast að þær upplýsingar myndu berast álagningaraðila beint frá ABÍ en ekki í gegnum Umferðarstofu. Umferðarstofa gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að skráningum ökutækja, og eins og fram kemur í 3. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, sem sækir stoð sína í 64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er óheimilt að hafa eigendaskipti að ökutæki nema að í gildi sé vátrygging. Þá er óheimilt að afhenda skráningarmerki að ökutæki nema upplýsingar um vátryggingu hennar liggi fyrir, o.s.frv. Þrátt fyrir þetta er það mat Umferðarstofu að vátryggingamál séu ekki umferðaröryggismál og því óskar stofnunin þess að hún verði ekki gerð að milligönguaðila á milli tryggingafélaga og



UMFERÐARSTOFA

álagningaraðila. Upplýsingar um tryggingastöðu ökutækja eru ekki í eigu Umferðarstofu heldur ABÍ og því væri óráðlegt að álagningaraðili myndi sækja þær upplýsingar til Umferðarstofu og gera stofnunina þar með að eins konar miðlægum gagnagrunni fyrir váttryggingastöðu ökutækja.

3. Bent er á að reglugerðarheimildin í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er mjög þröng, en hún nær eingöngu til þess að ákveða mismunandi fjárhæð vantryggingagjaldsins eftir gerð og búnaði ökutækisins sem í hlut á. Telja má afar líklegt að þarft verði að setja frekari fyrirmæli um framkvæmd álagningar og annað því tengdu í reglugerð. Af þeim sökum er lagt til, til hægðarauka, að opinni reglugerðarheimild verði komið fyrir í niðurlagi ákvæðisins.
4. Bent er á að í 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins segir: „[...] *p.m.t. kostnaður vegna vanrækslugjalds og annarra úrræða skv. þessari grein*“. Þarna á væntanlega ekki að standa vanrækslugjald heldur vantryggingagjald.
5. Þann 1. júlí nk. verður Umferðarstofa sameinuð öðrum samgöngustofnunum undir nafninu Farsýslan, samkvæmt lögum nr. 119/2012 um Farsýsluna, stjórnarsýslustofnun samgöngumála. Af þeim sökum væri e.t.v. ákjósanlegt að breyta nafni Umferðarstofu í frumvarpinu og setja nafn Farsýslunnar í staðinn, eða setja inn ákvæði sem tekur gildi þann 1. júlí nk. sem gerir ráð fyrir nafnabreytingu.

Virðingarfyllst,


Marta Jónsdóttir, lögfr.